


Var þetta draumur?

Jóna G. Kolbrúnardóttir
sópran

Eggert Reginn Kjartansson
tenór

María Sól Ingólfssdóttir
sópran

Þóra Kristín Gunnarsdóttir
píanó



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
þriðjudaginn 5. júlí 2022 kl. 20:30

Jóna G. Kolbrúnardóttir er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún var ung að árum þegar hún hóf að syngja og hefur sungið í ýmsum kórum bæði sem meðlimur og einsöngvari. Hún lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 2014 undir leiðsögn Hörpu Harðardóttur. Haustið 2014 hélt hún í framhaldsnám til Vínarborgar. Þar lauk hún sumarið 2018 Bakkalárgráðu við Tónlistarháskólann undir leiðsögn Univ. Prof. Gabriele Lechner. Jóna hefur tekið þátt í ýmsum meistaranámskeiðum m.a. hjá Anne Sofie von Otter, Christine Schäfer, Stephan Matthias Lademann og Regine Werner.

Jóna hefur hlotið ýmsa styrki fyrir framúrskarandi árangur í söng, meðal annars úr Tónlistarsjóði Rótarýs á Íslandi og einnig í Vínarborg. Hún útskrifaðist með meistaragráðu vorið 2021 frá Óperuakademíunni við Konunglegu Óperuna í Kaupmannahöfn undir handleiðslu Helene Gjerris og Susanna Eken.

Jóna hefur verið sýnileg í tónlistarlífinu hérlandis síðustu ár. Hún hefur komið fram sem einsöngvari á þónokkrum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast á Vínartónleikum sveitarinnar 2020 og á Klassíkin okkar 2021 sem sýndir voru í beinu streymi á RÚV. Jóna fór með frumraun sína hjá Íslensku Óperunni sem Gréta í óperunni "Hans og Gréta" árið 2018. Einnig hefur hún komið fram á Kúnstþásu tónleikum á vegum Íslensku Óperunnar, síðast nú í maí 2022. Hennar fyrsta hlutverk við Konunglegu Óperuna í Kaupmannahöfn var þegar hún söng Papagenu í Töfraflautunni eftir Mozart haustið 2020.

Jóna hefur mikinn áhuga á ljóðasöng og þeim töfrum og innblæstri sem ljóðin færa henni bæði í undirbúningsvinnunni og í tónleikasalnum. Hún hefur haldið fjölda ljóðatónleika og vinnur sífellt að nýju efni í þeirri grein.

Eggert Reginn Kjartansson hóf söngnám árið 2007 við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Þórunni Guðmundsdóttur. Árið 2013 flutti hann til Vínarborgar þar sem hann hélt áfram tónlistarnámi við Musik und Kunst Privatuniversität der Stadt Wien undir leiðsöng Uta Schwabe þaðan sem hann útskrifaðist haustið 2018. Hann tók þátt í ýmsum uppfærslum í skólanum, til dæmis sem Pygmalion í „Die Schöne Galatee“ (Suppé), St. Brioche í „Die Lustige Witwe“ (Lehár) og Baron Adolph von Reintal í „Die Opernprobe“ (Lortzing). Veturinn 2019 ferðaðist hann um Austurríki og Þýskaland með óperettunni „Gräfin Mariza“ (Kálmán) þar sem hann fór með hlutverk Baron Koloman Zsupán. Eggert hefur einnig sungið tenórsóló í Messías eftir Händel, Magnificat og H-moll messu Bachs og Níundu Sinfóníu Beethovens. Undanfarin ár hefur hann einnig tekið þátt í barnaútgáfum af ýmsum óperum í

Efnisskrá

Antonín Dvořák *Ástarsöngvar – Písni Milostné*
1841–1904 ópus 83, G. Pflieger-Moravský

Ó, ást okkar blómstrar ekki – Ó, naší lásce nekvete
Í hjörtum margra dauðinn dvelur – V tak mnohém srdci mrtvo jest
Hjá húsi þínu staldra ég við – Kol domu se ted' potácím
Ég veit það í ljúfri von – Já vím, že v sladké naději
Yfir landinu ríkir svefnhöfgi – Nad krajem vévodí lehký spánek
Hér í skóginum við lækinn – Zde v lese u potoka já
Í ljúfum mætti augna þinna – V té sladké moci očí tvých
Ó mín eina kæra sál – Ó, duše drahá, jedinká

Jean Sibelius *Fimm sönglög*
1865–1957 ópus 37

Den första kyssten / John Ludvig Runeberg
Lasse liten / Zacharias Topelius
Soluppgång / Tor Hedberg
Var det en dröm? / Josef Julius Wecksell
Flickan kom ifrån sin älsklings möte / John Ludvig Runeberg

Ludwig van Beethoven *An die ferne Geliebte*
1770–1827 ópus 98 / Alois Jeitteles

Auf dem Hügel sitz ich spähend
Wo die Berge so blau
Leichte Segler in den Höhen
Diese Wolken in den Höhen
Es kehret der Maien, es blühet die Au
Nimm sie hin denn, diese Lieder

leikhúsinu í Baden bei Wien eins og Max í „Der Freischütz“ (Weber), Belmonte í „Die Entführung aus dem Serail“ (Mozart) og Alfredo í „La Traviata“ (Verdi). Hann söng einnig í kórnum í fyrrnefndu leikhúsi áður en hann fluttist heim til Íslands vorið 2021.

María Sól Ingólfssdóttir sópran hóf að syngja í Barna- og Kammerkór Biskupstungna undir stjórn Hilmars Arnars Agnarssonar organista í Skálholti og kom oft fram sem einsöngvari á ýmsum tónleikum, meðal annars á Heimssýningunni í Japan 2005. Í kórnum hjá Hilmari kviknaði áhugi hennar á samtímatónlist sem hefur verið ríkjandi í hennar verkefnavali. María Sól útskrifaðist með framhaldspróf úr Söngskólanum í Reykjavík árið 2016 og bakkalárpróf í söng frá Listaháskóla Íslands árið 2019. Hún hlaut viðurkenningu úr styrktarsjóði Halldór Hansens og hélt til frekara náms í Hollandi, Englandi og Þýskalandi. Hún hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum, óperum og hátíðum á sviði klassískrar- og samtímatónlistar seinustu ár, sungið burðarhlutverk í óperunum Sónötu, Gilitrutt og Ekkert er sorglegra en manneskjan og komið fram á tónlistarhátíðunum Óperudagar, Myrkir Músíkdagar, Sequence Art Festival og Norrænir Músíkdagar. María Sól hlaut Grímuna – íslensku sviðslista-verðlaunin sem söngvari ársins árið 2021 fyrir hlutverk sitt í sýningunni Ekkert er sorglegra en manneskjan. María Sól trúir því að tónlist sé galdur.

Þóra Kristín Gunnarsdóttir píanóleikari starfar aðallega sem meðleikari og í kammerhópum, en á árinu 2021 kom hún einnig fram sem einleikari með ZHdK Strings í Sviss og í Hörpu. Hún hefur komið fram í ýmsum tónleikaröðum og hátíðum á Íslandi og í Sviss, m.a. í Klassík í Vatnsmýrinni, Velkomin heim í Hörpu, á tónlistarhátíðinni Chesa Planta Musiktage og á tónleikum hjá Liedrezital Zürich. Síðastliðin þrjú ár hefur hún verið meðleikari á sumarnámskeiðum í Frakklandi. Þóra hóf tónlistarnám sitt á Akureyri hjá Dýrleifu Bjarnadóttur og lærði síðar hjá Peter Máté við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún lauk meistarágráðu í píanókennslu og píanóleik frá tónlistarháskólanum í Luzern árið 2017. Árið 2020 lauk hún annarri meistarágráðu í samspili og meðleik frá listaháskólanum í Zürich hjá Friedemann Rieger. Hún sótti þar einnig tíma í ljóðameðleik m.a. hjá Christoph Berner. Hún hefur sótt masterklassnámskeið hjá m.a. Thomas Hampson, Simon Lepper, Josef Breinl og Ewa Kupiec. Þóra kennir píanóleik við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.